

Greinagerð Lundarsels vegna umbótaáætlunar 2017 – 2018

Í eftirfarandi greinagerð er skilgreint á hvern hátt gekk að fylgja eftir umbótaáætlun Lundarsels eftir ytra mat menntamálastofnunar.

Leikskólinn og umhverfi hans.

Leita þarf leiða til að bæta húsnæðisstöðu barna og starfsmanna. Þessi matspáttur náðist skv. áætlun umbótaáætlunar. Undirbúningsaðstaða var bætt, tölvum fjölgað og skrifborð sett upp. Tvö rafmagnsskiptiborð voru sett á yngstu deildina. Dúkar komnir á öll borð og annað sem bætti hljóðvist. Ekki náðist að fækka börnum fyrir næsta skólaár en mikill meðbyr var hjá fræðsluráði að verða smá saman við því á næstu árum í samráði við óskir skólastjóraenda.

Stjórnun

Leggja þarf áherslu á að ljúka við gerð skólanámskrár sem tekur mið af aðalnámskrá leikskóla 2011 og birta á heimasíðu leikskólans. Þessi matspáttur náðist skv. áætlun umbótaáætlunar. Skólanámskrá er komin á heimasíðu leikskólans, þar sem gert er grein fyrir matspáttum tengda henni. Fjögur plaköt með áherslur skólans er sýnilegt í leikskólanum og var þetta unnið í góðri samvinnu við foreldraráð og kynnt fyrir foreldrum. Einnig er á heimasíðu leikskólans er nánar útfært hvernig leikskólinn starfar skv. námskrá leikskólans, sjá skólabrag; svona gerum við í Lundarseli.

Birta ætti árlega starfsáætlun á heimasíðu leikskólans. Starfsáætlun er birt árlega á heimasíðu leikskólans en birt á haustin en ekki á vorin eins og sagt er í umbótaáætlun.

Æskilegt er að auka yfirsýn leikskólastjóra með því að hann taki árlega starfspróunarsamtal við alla starfsmenn. Leikskólastjóri tekur árleg starfspróunarsamtöl við alla starfsmenn og fara þau fram á haustin, þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Áfram hefur verið unnið úr erfiðum samskipti milli einstakara starfsmanna. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun. Auk þess voru settar og kynntar nánari starfsreglur fyrir öllum starfsmönnum í sambandi við einelti og eru þær einnig í starfsmannahandbók leikskólans.

Áfram þarf að byggja upp góðan starfsanda þar sem ríkir traust og virðing. Áfram hefur verið lögð áhersla á að byggja upp góðan starfsanda þar sem traust og virðing ríkir milli starfsmanna. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Æskilegt er að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum og öðru starfsfólki markvissa endurgjöf. Aðstoðarleikskólastjóri fór reglulega inn á deildir og veitti endurgjöf. Ekki gekk sem skyldi hjá leikskólastjóra að sinna þessu nægilega markvisst eins og áætlað var í umbótaáætlun. Samkvæmt innra mati sem gert var í júní 2018 og er birt á heimasíðu leikskólans er gert grein fyrir markvissari aðgerðum leikskólastjórnenda í vettvangsathugunum.

Uppeldis og menntastarf

Áfram þarf að vinna að aukinni samræmingu í fagstarfi leikskólans. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun. Skólabragur er kominn inn á heimasíðu leikskólans.

Æskilegt væri að rýna í leikfangakost og efnivið leikskólans, hvernig hann dreifist um leikskólann og hvort hann er aðgengilegur fyrir börnin. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun. Skoðað er reglulega leikfangakostur og leikföngum sem eru úr sér gengin er hent. Nýjar hirslur hafa verið keyptar og eða færðar þar sem kostur var til að bæta aðgengi barna.

Gera mætti listsköpun og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Leita ætti leiða til að auka lýðræðisþátttöku barna. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun. Gaman að segja frá því að börnin sem eru í elsta árgangi leikskólans tóku t.d. þátt í svara nokkrum spurningum tengt barnasáttmálanum. Akureyrarbær er að vinna heildstætt að innleiðingu barnasáttmálanum. "Þetta verkefnið snýst um að segja barnahópnum frá barnasáttmálanum með sérstakri áherslu á 12.grein; réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Fyrstu verkefnið sem óskað var eftir að unnin verði í leikskólum bæjarins tengdist réttindum barna og líðan þeirra. Um er að ræða annars vegar stutt hópverkefni og hins vegar einstaklingsverkefni fyrir 5 ára nemendur leikskóla." Afraksturinn var kynntur opinberlega með sýningu í Hofi í tengslum við vinnu tengda barnasáttmálanum en

Samræma ætti notkun skráninga í tengslum við ferilmöppu barna. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl:

Æskilegt væri að taka upp samræðu við foreldra um móttöku barna. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Koma þarf betur til móts við óskir og ábendingar frá foreldrum um sérstakar þarfir barnanna. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Bæta þarf betur upplýsingar á heimasíðu skólans. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun.

Skóli án aðgreiningar

Æskilegt er að skoða hvernig betur má vinna með börum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þessi matspáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun nema að hún kláraðist mánuði seinna en áætlað var. Sjá heimasíðu leikskólans.

Innra mat

Innra mat leikskólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun. Þessi matsþáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun sjá heimasíðu leikskólans.

Gera þarf útarleri matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila. Þessi matsþáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun nema að hún kláraðist mánuði seinna en áætlað var. Sjá heimasíðu leikskólans.

Leita ætti til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið barna. Þessi matsþáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun. Til viðbótar má nefna að ákveðið var að bera undir hvert og eitt barn hvort það vill sjálft gera handa sér afmæliskórónu eða að starfsmaður geri hana. Einnig ákveða börnin hvað eigi að vera á dagskrá þegar ákveðnar upptökur eru í skólanum.

Greina þarf niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og gera skriflega greinagerð. Þessi matsþáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun nema að gert er ráð fyrir að skipa í matsteymi í ágúst 18

Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta úr frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta á árangurinn. Þessi matsþáttur náðist eins og gert er ráð fyrir í umbótaáætlun nema að gert er ráð fyrir að skipa í matsteymi í ágúst 18.

Akureyri 27. Júní 2018

Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri

Helga María Þórarinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri